

Pingeyjarsveit
Anna Bragadóttir
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 11. júlí 2024
UST202405-298/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting á deiliskipulagi - Goðafoss og umhverfi - Pingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Pingeyjarsveit er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Goðafoss og umhverfi.

Í greinargerð kemur fram bætt er við reiðvegi frá gömlu brúnni yfir Skjálfandafljót vestan megin og til vesturs upp að og síðan meðfram núverandi þjóðvegi (nr. 1) vestur fyrir Goðafossveg (nr. 883). Þar sveigir reiðvegurinn og liggur til suðurs og síðan suðvesturs skammt innan skipulagsmarka að Hróteyjarkvísl, þar yfir vað á ánni og áfram upp með Skjálfandafljóti. Þá er einnig bætt við hestagerði og girðingum vestan gömlu brúarinnar við upphaf nýja reiðvegarins. Gengið skal frá jörðum og fláum reiðleiðar þannig að hún falli sem best að umhverfi sínu, m.a. með því að græða jaðra og fláa upp með samskonar gróðri og er umhverfis reiðleiðina. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að tryggja með sem bestum hætti öryggi almennings, ferðafólks, hestafólks og hesta sem eiga leið um svæðið en þörf er talin á að skapa örugga reiðvegatengingu frá gömlu brúnni vestan við Skjálfandafljót og upp með bökkum árinna vestan megin sem skarast ekki á við ferðir almennings og ferðafólks á svæðinu.

Goðafoss - Náttúruvætti

Friðlýsing

Umhverfisstofnun bendir á að koma þarf fram að Goðafoss í Skjálfandafljóti var friðlýstur sem náttúruvætti þann 11. júní 2020.¹ Jafnframt bendir stofnunin á að í deiliskipulaginu þurfi að fjalla um markmið friðlýsingarinnar sem er að vernda sérstæðar náttúruminjar, breytileika jarðmyndana og fossinn sjálfan, m.a. með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn, vegna fegurðar og sérkenna og útivistargildis svæðisins.² Auk þess þarf að koma fram að samkvæmt 12. gr. friðlýsingar eru allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi og innan náttúruvættisins háðar leyfi Pingeyjarsveitar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki,

¹ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/godafoss-i-thingeyjarsveit/>

² <https://ust.is/library/sida/Nattura/Augl%3%bdsing%20%3%ad%20Stj%3%b3rnart%3%ad%3%b0.pdf>

